

# Aðalfundur

## Samtaka rafverktaka

Haldinn á Grand Hótel Reykjavík föstudaginn 09. mars 2018

### Mættir 45

1.	<p><b>Setning aðalfundar (Kl. 09:15) Kjör fundarstjóra og fundarritara.</b> Hjörleifur Stefánsson formaður SART setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna, hann bar upp tillögu um Lárus Andra Jónsson sem fundarstjóra og var það samþykkt með lófaklappi. Lárus tók við fundarstjórn og stakk upp á Ásbirni Jóhannessyni sem fundarritara og var það samþykkt með lófaklappi. Þá kannaði hann lögmæti fundarboðs og voru engar athugasemdir gerðar við það, fundurinn telst því löglegur.</p>
2	<p><b>Skýrsla stjórnar, Hjörleifur Stefánsson, formaður</b></p> <p><b>Ég vil byrja skýrslu mína á að minnst látinna félaga.</b></p> <p><b>Stefán Níels Stefánsson (Númi)</b> Stefán Níels Stefánsson fæddist á Hóli á Stöðvarfirði 20. júní 1935. Hann lést á Krabbameinsdeild Landspítalans við Hringbraut 13. janúar 2018. Stefán ólst upp á Stöðvarfirði, flutti ungur til Reykjavíkur og vann meðal annars á Keflavíkurflugvelli hjá Íslenskum aðalverktökum. Stefán fór í Iðnskólann í Reykjavík og lærði rafvirkjun, lauk meistaraþrófi og gerðist rafverktaki á Breiðdalsvík. Stefán var virkur í félagsmálum, sat í hreppsnefnd, var byggingafulltrúi, formaður skólanefndar og sat í stjórn Félags rafverktaka á Austfjörðum. Þau hjónin fluttu suður til Reykjavíkur árið 2000 og vann Stefán lengst af hjá Orkuvirki í Reykjavík.</p> <p><b>Svavar Kristinsson</b> Svavar Kristinsson fæddist í Reykjavík 25. janúar 1961. Hann lést 28. október sl. Svavar lærði ungur að árum rafvirkjun hjá föður sínum, að því námi loknu fór hann í Meistaraskólann, stofnaði rafverktakafyrirtæki með föður sínum og bróður og hóf síðan störf sem rafverktaki og stofnaði eigið fyrirtæki. Hann starfaði sem slíkur fram að andláti. Svavar tók virkan þátt í félagsstörfum rafverktaka og sat um tíma í stjórn FLR.</p> <p><b>Einar Þórir Guðmundsson</b> Einar Þórir Guðmundsson fæddist 5. júní 1931 á Borgarfirði eystra. Hann lést 7. janúar 2018 á Vífilsstaðaspítala. Einar ólst upp í Steinholti á Borgarfirði eystra. Eftir hefðbundið barnaskólanám á Bakkagerði flutti hann með móður sinni og bróður 12 ára til Reykjavíkur og kláraði gagnfræðaskóla. Hann starfaði sem lærlingur hjá Gissuri Pálssyni og lauk sveinsþrófi í rafvirkjun í Reykjavík og síðar tók hann meistararéttindi. Einar starfaði um tíma á Keflavíkurflugvelli hjá</p>

Ormsbræðrum og Timbursölunni Víði, síðar stofnaði hann eigin atvinnurekstur við rafvirkjun og hafði lærlinga. Hann vann nánast til æviloka.

### **Ólafur Pétur Jensen**

Ólafur Pétur Jensen fæddist í Reykjavík 4. júní 1922. Hann andaðist á dvalar- og hjúkrunarheimilinu Grund 1. febrúar 2018. Ólafur lauk sveinsprófi í rafvirkjun 1943, fékk meistarabréf 1945 og lágspennulöggildingu 1947. Hann starfaði hjá Rafmagnseftirliti ríkisins í tvö ár en starfaði eftir það sem rafvirkjameistari í Reykjavík. Ólafur sat í prófnefnd rafvirkja frá 1957-1981, þar af sem formaður í níu ár. Hann var gerður að heiðursfélagi í Félagi löggiltra rafverktaka 1994.

**Vil ég biðja fundarmenn að minnst þeirra félaga með því að rísa úr sætum.**

### **Fundir**

Frá síðasta aðalfundi hafa verið haldnir fjórir framkvæmdastjórnarfundir og fjórir stjórnarfundir. Þá á SART á fulltrúa í stjórn SA þar sem fyrrverandi formaður Jens Pétur Jóhannsson situr og í stjórn SI þar sem Lárus Andri Jónsson á sæti. Vil ég þakka þeim félögum fyrir gott starf.

Mikið hefur mætt á stjórnarmönnum í stjórn Rafiðnaðarskólans og Fræðsluskrifstofu rafiðnaðarins vegna skipulagsbreytinga og vil ég sérstaklega þakka varaformanni SART Helga Rafnsyni fyrir mikið og óeigingjarnt starf vegna Rafiðnaðarskólans.

Félagsfundir voru haldnir eftir þörfum og aðalfundir voru haldnir hjá öllum félögum utan tveggja.

FLR varð 90 ára þann 1. mars s.l. og fagnaði því með glæsilegri samkomu í Perlunni á haustdögum.

Formaður SART hefur sótt fundi meistaradeildar og verður komið að því síðar í skýrslunni.

### **Yfirferð, ýmis mál.**

Í framhaldi af síðasta aðalfundi var haldinn ráðstefna um rafbílavæðinguna. Vakti þessi ráðstefna mikla athygli og hefur síðan verið leitað til okkar vegna ýmissa mála er lúta að rafbílavæðingunni og uppbyggingu innviða. Í kjölfar ráðstefnunnar var settur á fót starfshópur innan Rafstaðlaráðs til stofnunar Tækninefndar um innviði og tengistaði fyrir rafbíla.

SART og RSI hafa haldið áfram með það verkefni að gefa öllum nýnemum spjaldtölvu við upphaf náms í rafiðngreinum. U.þ.b. 400 tölur voru afhentar nú í haust.

Töluverð umræða hefur skapast vegna ábyrgðarmála rafverktaka sem í raun hafa í ýmsum tilfellum náð út yfir gróf og dauða. Ljóst er að breytingar þurfa að verða á þessu þannig að ábyrgðin fylgi rekstri en ekki einstaklingi.

Mikið er um það að byggingar séu teknar í notkun áður en þær eru að fullu

kláraðar/tilbúnar. Í þeim tilfellum kallar byggingarfulltrúi eftir öryggisúttekt og þá er kallað eftir því að fyrir liggi staðfesting á að lokaúttekt hafi verið tilkynnt til Mannvirkjastofnunar, sem er í raun ekki hægt þar sem lokaúttekt á að fara fram þegar húsið er að fullu klárað.

Spurning er um hvort hægt sé að útbúa eitthvað millistig, sem gæti verið „tilkynning vegna öryggisúttektar“ með skýringu um að mælingar og lokaúttekt fari fram síðar. Þessi mál voru rædd á morgunverðarfundum FLR á dögnum við fulltrúa Mannvirkjastofnunar og munum við áfram eiga samtal við þá um lausn á þessu máli sem og ýmsum öðrum.

Eins og flestum ætti að vera kunnugt hefur farið fram mikil vinna vegna ferilbókar í rafiðnaði. Verkefnið var komið nokkuð vel á veg þegar tekin var ákvörðun um að Menntamálaráðuneytið tæki þetta verkefni yfir fyrir allar iðngreinar. Þá strax skapaðist ótti hjá okkur vegna þessa, um að enn eitt báknið væri að myndast sem myndi seinka framgangi verkefnisins. SART hefur fengið kynningu á þessu verkefni og við fyrstu sýn virðast góðir hlutir vera að gerast þannig að á næsta ári ætti að vera mögulegt að hrinda þessu í framkvæmd.

Eins og undanfarinn ár verður stór hópur á ferðalagi um hallir á Light and building eftir rúma viku í nafni SART og vil ég þakka Lárusi sérstaklega fyrir undirbúning þeirrar ferðar

### **Nýjir félagar**

Á árinu 2017 gengu níu fyrirtæki í SART og þrjú til viðbótar það sem af er þessu ári. Frá því að við gerðumst aðilar að Samtökum iðnaðarins árið 2012, hafa 51 rafiðnaðar-fyrirtæki séð sér hag í að ganga til liðs við samtökin.

### **Rafiðnarskólinn/Fræðsluskrifstofa**

Tekin var ákvörðun af stjórn Rafiðnaðarskólans að láta fara fram úttekt á rekstri og faglegum þætti skólans og var Menntasvið Háskóla Íslands falið það verkefni. Á haustmánuðum kom út skýrsla sem hefur verið grunnur að endurskipulagningu á starfsemi skólans með það að markmiði að setja meiri metnað í endurmenntun og skilvirkari vinnu innan skólans

Í framhaldi af skýrslunni frá Háskólanum var fyrirtækið Prómennt fengið til að fylgja eftir og skipuleggja breytingar á starfsemi skólans. Hefur Katrín Dóra Þorsteinsdóttir séð um það verkefni í umboði stjórnar skólans. Á síðari stigum var síðan tekin ákvörðun að taka inn í þessa endurskoðun Fræðsluskrifstofu rafiðnaðarins með það að markmiði að ná samlegðaráhrifum og hagræðingu í skólanum og á fræðsluskrifstofu.

Við þessa endurskipulagningu varð ekki komist hjá því að fara í tilfærslu á störfum og fara í gerð starfslokasamninga við nokkra einstaklinga og tel ég að þar hafi tekist þökkalega til þrátt fyrir þá staðreynd að svona aðgerð fylgir því miður oft einhver sársauki. Á næstu dögum verður auglýst eftir framkvæmdastjóra fyrir það sem við notum sem vinnuheiti „Rafmennt“ Menntasetur rafiðnaðarins, sem er þá sameiginleg stofnun Rafiðnaðarskóla og Fræðsluskrifstofu. Þetta mál verður betur kynnt síðar á fundinum.

### **Öryggismál**

Snemmsumars varð tilefni til þess að taka upp umræðu um öryggismál rafiðnaarmanna. Varð það allavega í takt við þá umræðu sem skapaðist eftir ráðstefnu um öryggismál sem haldin var í framhaldi af aðalfundi SART fyrir nokkrum árum

Var farið í það af framkvæmdastjóra og formanni í samstarfi við Mannvirkjastofnun að skipuleggja og útbúa fræðsluefni um „Læsa-Merkja-Prófa“ ferla með það að markmiði að innan ótiltekins tíma væru lásar til útlæsinga orðinn staðalbúnaður hjá rafiðnaðarmönnum. Óskar Pétursson var fengin til þess að útbúa kynningarefni og fengin voru sýnishorn af búnaði. Fyrir alla aðalfundi aðildarfélaga SART voru þessir verkferlar kynntir og teknar umræður og má segja að mjög vel hafi verið tekið í þessa viðleitni til að auka öryggi starfsmanna og minnka hættur

Í framhaldi af þessu hefur formaður SART verið í viðræðum við RSÍ vegna innleiðingar á þessum ferlum og hefur verið sótt um styrk hjá Menntasjóði til kaupa á lásum fyrir alla rafiðnaðarmenn, sem liður í fræðslu um öryggismál. Stefnt er að því að þessu verkefni verði ýtt úr vör við sveinsprófs afhendingu nú í apríl. Síðan er það okkar SART og RSÍ að fylgja þessu máli eftir þannig að öryggi okkar og starfsmanna sé tryggt. Í framhaldi af þessu er síðan nauðsynlegt að setja verklagsreglur og eru þær í mótun.

Framkvæmdastjóri og formaður hafa sótt samráðsfund með öryggisteymi SAMORKU með það að markmiði að bæta samskipti rafverktaka og veitna til að auka á öryggi innan greinarinnar, því eins og öllum má vera ljóst þá hefur slitnað uppúr því samtali sem við áttum fyrir á árum við veiturnar.

Hafin er vinna við að gera samræmt áhættumat í samvinnu við RSI og vinnueftirlit. Við þá vinnu er haft í huga að gera notendavænt app með vistunarmöguleika og verður þetta vonandi tilbúið til reynslu á haustdögum.

### **Norrænt samstarf**

SART er í samstarfi við samtök rafverktaka á hinum Norðurlöndunum. Haldin er einn sameiginlegur fundur í ágúst ár hvert og á síðasta ári var fundurinn í Danmörku. Þar voru ýmiss fróðleg málefni á dagskrá og kom þar m.a. í ljós í kynningu frá Finnlandi að við Íslendingar erum síst eftirbátar hvað varðar heildarkjör og skattamál þegar allar breytur er settar inn. Greinilegt er að „róbótatækni“ er mjög ofarlega í huga grannþjóða okkar, en á fundinum var góður fyrirlestur um þá tækni.

### **Meistaradeild**

Sem fyrir situr formaður félagsins í stjórn MSI, Meistaradeild samtaka iðnaðarins. Núverandi formaður meistaradeildarinnar er Jón Sigurðsson, formaður Meistarafélags húsasmiða í Reykjavík. MSI er samsett af formönnum 11 meistarafélaga en eitt meistarafélag stendur utan þess, en það er meistarafélag pípulagningarmanna. Helstu málaflokkar sem fjallað hefur verið um innan MSI eru:

- Iðnaðarlögin og brot á iðnaðarlöggjöfni

- Breytingar á byggingarreglugerð og Mannvirkjalögum
- Menntamál í byggingariðnaði
- Hvatning til bættra samskipta við sveitarfélög t.d. byggingarfulltrúa.
- Gjaldskrár skipulags og byggingamála

Stöðugt er verið að rýna byggingarreglugerð og mannvirkjalög og að venju hefur Friðrik Ágúst Ólafsson leitt þá vinnu. Þá er en unnið að því sem við höfum kallað heilbrigðisvottorð fyrirtækja sem nýtast mun almenningi, verktökum sjálfum sem og hinu opinbera varðandi stöðu verktaka við útboð eða verksamninga.

### **Mannvirkjaráð SI**

Mannvirkjaráð SI er skipað tveimur fulltrúum MSI, fulltrúum Ráðgjafa-verkfræðinga, SAMARK, Mannvirki (sem eru stærri verktakar bæði í bygginga og jarðvinnu) og þeim stjórnarmönnum SI sem tengjast mannvirkjagerð. Lárus Andri Jónsson rafverktaki er okkar maður þar, en hann er jafnframt í stjórn SI. Helstu málefni sem fjallað hefur verið um í ráðinu eru.

- Samræmdar verklýsingar
- Verktryggingar og greiðslutryggingar
- Útboðsmál
- Byggingareglugerð
- Kennitölufلاك og heilbrigði fyrirtækja

### **Kjarasamningar / verkfæragjaldið**

Í síðustu viku tók forista verkalyðsins skynsamlega ákvörðun sem var að segja ekki upp kjarasamningum sem verður til þess að samningar eru lausir um áramót. Sterkar líkur eru á því að framundan séu töluverð átök á vinnumarkaði næsta vetur. Stór þáttur í þessari atburðarás eru taktlausar hækkningar í boði kjararáðs og efstu toppa í samfélaginu.

Í komandi samningum þurfum við að taka afstöðu um meðhöndlun á verkfæragjaldi með það að markmiði að gjaldið verði föst krónutala eða að fyrirtækin skaffi alfarið verkfæri og gjaldið verði þá aflagt.

### **Staðan á markaðnum**

Markaðurinn hefur verið í hæstu hæðum undanfarið, en teikn eru á lofti um að jafnvægi geti verið að skapast og hugsanlega fer að draga úr innflutningi á vinnafli sem samkvæmt fréttum fær misjafna meðhöndlun í aðbúnaði og kjörum.

### **Ásbjörn Jóhannesson, starfslok.**

Eins og flestum er kunnugt mun Ásbjörn ljúka störfum fyrir Samtök rafverktaka á næstunni. Á haustdögum hófst leit að eftirmanni og hefur verið rætt við

	<p>nokkurn fjölda aðila vegna þessa, en að lokum komust við í samband við mann sem að öðrum ólöstuðum passar best í okkar umhverfi, en hann heitir Kristján Daníel Sigurbergsson sem margir okkar kynntust sem starfsmanni Smith &amp; Norland. Nú síðast var hann starfsmaður hjá Green Energi</p> <p>Lokaorð.</p>
<b>3.</b>	<p><b>Reikningar SART fyrir árið 2015.</b> Ásbjörn R. Jóhannesson las upp reikninga SART og Orlofsheimilásjóðs og útskýrði þá.</p>
<b>4.</b>	<p><b>Umræður um liði 2 og 3.</b></p> <p>Fram kom ósk frá um að ársreikningar og skýrsla stjórnar yrðu settar á netið. Rætt var um sumarhúsið, tillaga kom fram um að selja „aukalóðina“ og greiða upp áhvílandi lán.</p> <p>Rætt um frágang ljósleiðaralagna, og óvönduð vinnubrögð.</p> <p>Rætt um mikilvægi þess að tilkynna verk til MVS þegar ljósleiðarar eru dregnir með raflögnum.</p> <p>Rætt um ábyrgðartryggingar rafverktaka.</p> <p>Fundarstjóri bar upp skýrsluna og ársreikningana. Hvort tveggja var samþykkt samhljóða.</p>
<b>5.</b>	<p><b>Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga og varamanna þeirra.</b></p> <p>Tillaga er um sömu menn áfram, þá Lárus Andra Jónsson og Arnbjörn Óskarsson sem aðalmenn og Gunnar H. Sigurðsson og Stefán Albertsson til vara. Ekki voru tillögur um fleiri og voru þeir samþykktir með lófaklappi.</p>
<b>6.</b>	<p><b>Framtíðarsýn SART</b></p> <p>Ásbjörn fór yfir stöðu verkefna sem urðu til þegar Framtíðarsýn SART til ársins 2018 var sett í Borgarnesi árið 2013. Fór hann yfir hvað hefur náðst og hvað vantar að klára. Lagði Ásbjörn áherslu á mikilvægi þess að fari yrði að nýju í gerð framtíðarsýnar til næstu fimm ára.</p>
<b>7.</b>	<p><b>Kaffihlé (10:30-10:40)</b></p>
<b>8.</b>	<p><b>Önnur mál</b></p> <p>Katrín Dóra Þorsteinsdóttir gerði grein fyrir stöðu mála er varðar skipulag og breytt fyrirkomulag varðandi rekstur Rafiðnaðarskólans og Fræðsluskrifstofu rafiðna. Sjá nánar í skýrslu formanns.</p> <p>Rætt var um ljósleiðaralagnir, þar kom fram að ef kvartað er við Gagnaveituna um léleg vinnubrögð þá komi þeir og lagfæri.</p> <p>Fram kom hvatning til rafverktaka um að nota ákvæðisvinnugrunninn/mæling-</p>

	<p>una meira.</p> <p>Rætt var um útboðsmarkaðinn, töldu sumir að ástandið væri að líkjast því sem það var árið 1996.</p> <p>Rætt um mikilvægi þess að á aðalfundum gæfist tími til að ræða hin ýmsu mál er greinina varða.</p> <p>Rætt um inntak ljósleiðaralagna og reglur og staðla Póst og fjarskiptastofnunar hvað það varðar. Sitt sýndist hverjum</p>
<b>10</b>	<p><b>Fundarslit. (Kl. 11:30)</b></p> <p>Fundarstjóri minnti menn á hádegisverð í boði Reykjafells, Johan Rönning og Smith &amp; Norland. Minnti jafnframt á að farið yrði með rútu á sýninguna Verk og vit að loknum hádegisverði. Fundarstjóri afhenti formanni fundinn sem þakkaði fundarmönnum fyrir góða mætingu og sleit fundi.</p>

Ásbjörn Jóhannesson, fundarritari.